



Borgarráð

Hraunbær 133 og 143 – afturköllun úthlutunar og heimild til að bjóða lóðirnar út að nýju

Óskað er eftir því að borgarráð afturkalli úthlutun lóðanna og sölu byggingarréttar að Hraunbæ 133 og Hraunbæ 143 til Fasteignaþróunarfélagsins Spilda ehf., kt. 511017-0410, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sem samþykkt var með ákvörðum borgarráðs þann 6. júní 2019 og 18. júlí 2019.

Samhliða er óskað eftir heimild borgarráðs til að bjóða lóðirnar út að nýju með hefðbundnum úthlutunar- og útboðsskilmálum.

Greinargerð:

Fasteignaþróunarfélagið Spilda ehf. fékk umræddum lóðum og byggingarrétti úthlutað með ákvörðun borgarráðs í kjölfar útboðs lóðanna. Félaginu tókst ekki að fjármagna kaupin á byggingarréttinum innan tímamarka skv. úthlutunarbréfi og útboðsskilmálum og hefur það fallið frá úthlutun lóðanna og kaup á byggingarréttinum. Er þess því óskað að borgarráð afturkalli fyrri ákvörðunum sínum um úthlutunina og sölu á byggingarréttinum.

Óli Jón Hertervig